

13. júní 2016
1606147

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 6. júní 2016, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (þunn eiginfjármögnun), 735. mál.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt, sem snúa að tekjuhlið ríkissjóðs. Seðlabanki Íslands tekur ekki beina afstöðu til ákvörðunar einstakra skatta heldur horfir Seðlabankinn fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármála í heild sinni. Hins vegar getur reynst nauðsynlegt að treysta framkvæmd skattheimtunnar til samræmis við skattalöggjöf á hverjum tíma. Skattasniðganga hvers konar kann að grafa undan framkvæmd ríkisfjármálastefnunnar með neikvæðum efnahagslegum afleiðingum auk þess að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja. Lagasetningar sem takmarka möguleika á skattasniðgöngu eru því til þess fallnar að treysta efnahagsumgjörðina.

Seðlabanki Íslands tekur hins vegar ekki beina afstöðu til einstakra greina þessa frumvarps og gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Rannveig Sigurðardóttir
staðgengill aðalhaffræðings